



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 24. ágúst sl. var lagt fram bréf formanns ráðsins dags. 18. ágúst 2020 varðandi samstarfssamning um fjárstuðning Reykjavíkurborgar vegna rekstrar Bíó Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík, ásamt drögum að samningnum.

Samningurinn var samþykktur og er hér með vísað til borgarráðs til staðfestingar. Eftir fundinn var samningurinn uppfærður með þeim hætti að eftirfarandi setningu var bætt við 4. gr. hans um framlag Reykjavíkurborgar, sbr. hjálögð uppfærð drög:

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 – 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

Sif Gunnarsdóttir
skrifstofustjóri menningarmála

Hjálagt:

Bréf formanns menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 18. ágúst 2020

Uppfærð drög að samstarfssamningi við Bíó Paradís 2020-2023

Fundargerð 42. fundar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 24. ágúst 2020

Drög að samstarfssamningi um fjárstuðning Reykjavíkurborgar vegna rekstrar Bíó Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík

Reykjavík 18. ágúst 2020

Hjálögð eru drög að nýjum samstarfssamningi við Heimili kvikmyndanna vegna rekstrar menningarstarfsemi Bíó Paradísar við Hverfisgötu 52 og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík. Drögin gera ráð fyrir því að samningurinn taki gildi 1. september og ná til ársloka 2023.

Í drögunum er gert ráð fyrir að framlag Reykjavíkurborgar vegna menningarstarfsemi Bíó Paradísar verði 9 mkr. Það sem eftir lifir árs en fyrri samningur sem rann út um mitt ár var einnig miðaður við 9 mkr. framlag. Sá samningur var tímabundinn vegna óvissu um framtíðarheimili Bíó Paradísar. Í fjárhagsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs er fjárheimild til Bíó Paradísar samtals 18 mkr. og því er ekki verið að fara fram á viðbótarheimild á þessu ári.

Samkvæmt meðfylgjandi drögum er ekki gert ráð fyrir því að þessi heildarstuðningur við starfsemi Bíó Paradís á árinu verði skertur miðað við það sem áætlað var í fjárhagsáætlun ársins.

Rökin fyrir óskertu framlagi eru meðal annars þau að samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldursins komu fljótt niður á rekstri bíósins fyrri hluta árs eins og á öðrum menningar- og samkomuhúsum og að í ár fagnar starfsemi Bíó Paradísar við Hverfisgötu, 10 ára afmæli sínu. Einnig má benda á afgerandi stuðnings borgaryfirvalda og ríkis við starfsemina sem birtist í viðbótarstuðningi og sameiginlegri yfirlýsingu fyrr í sumar fyrir áframhaldandi leigu bíósins á húsnæðinu að Hverfisgötu 52 í ljósi þess að tekist hafði að ná niður boðuðu leiguverði. Var sá viðbótarstuðningur borgarinnar upp á 13 mkr. ári samþykktur í borgarráði 2. júlí. Miðað er við öðrum eins stuðningi frá ríkinu.

Enn fremur ber að minna á bókun menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs frá 13. janúar sl. Í bókuninni kom fram að ráðið teldi mikilvægt að leita leiða til að Bíó Paradís héldi starfsemi sinni áfram. Jafnframt áréttaði ráðið að það teldi að Bíó Paradís við Hverfisgötu hefði öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík. Bíóið hefði meðal annars verið vettvangur fyrir vinsælar kvikmyndahátíðir, menningarsamstarf við önnur lönd og skólasýningar fyrir grunnskólanemendur.

Borgarráð þarf að staðfesta samninga sem gilda til lengri tíma til eins árs.

Hjálmar Sveinsson formaður menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Heimili kvikmyndanna ses., kt. 580810-0120 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna ses. vegna rekstrar Bíós Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík á tímabilinu 1. september 2020 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu í Reykjavík, með sýningum á íslenskum heimildar- og kvikmyndum, listrænum alþjóðlegum kvikmyndum og sýningum fyrir nemendur á grunnskólastigi. Verði hagnaður af rekstri Bíós Paradísar þá verður honum varið í þágu þessa markmiðs og skal Bíó Paradís því halda honum til ráðstöfunar en verði halli á starfseminni skal stjórn Heimilis kvikmyndanna afla styrkja og tekna á móti frá öðrum aðilum.

2. gr. Forsaga

Sjálfsseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna var sett á fót í ágúst 2010. Stofnaðilar voru Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Tilgangur Heimilis kvikmyndanna samkvæmt samþykktum er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígildum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuðla að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi. Jafnframt að stunda veitingarekstur, útleigu aðstöðu, útgáfustarfsemi og verslun með kvikmyndir, bækur og annan kvikmyndatengdan varning. Til að ná tilgangi sínum rekur Heimili kvikmyndanna m.a. kvikmyndahúsið „Bíó Paradís“ við Hverfisgötu í Reykjavík, sem áður hýsti kvikmyndahúsið Regnbogann.

3. gr. Starfsemi og markmið Bíós Paradísar

Bíó Paradís tryggi sér áframhaldandi sess sem hjarta kvikmyndamenningar í Reykjavík, aðsetur kvikmyndahátíða og kvikmyndahús sem leggur sérstaka áherslu á að kynna innlendar og erlendar listrænar kvikmyndir með breiðri skírskotun til aldurs- og þjóðfélagshópa.

Bíó Paradís verði samvinnuvettvangur sem flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum í landinu og efli samstöðu meðal kvikmyndagerðarmanna, -unnenda, stofnana og félaga á sviði kvikmyndamála og dreifingaraðila kvikmynda.

Bíó Paradís sérhæfir sig í sýningum á nýjum listrænum kvikmyndum og eldri klassískum kvikmyndum í þeim tilgangi að efla mannlíf og kvikmyndamenningu í borginni.

Bíó Paradís mun sýna íslenskar kvikmyndir og heimildarmyndir reglulega og reyna eftir fremsta megni að efla hag íslenskrar kvikmyndamenningar.

Bíó Paradís býður nemendum á kvikmyndasýningar á skólatíma, skólum að kostnaðarlausu með það markmiði að efla kvikmyndalæsi nemenda, m.a myndlæsi, myndþroska og áhuga á kvikmyndasögu. Undirbúningur hvers sýningarárs, þar á meðal val kvikmynda og tengd námsgögn, verði unnin í nánú samstarfi Bíó Paradísar og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tryggt að sýningar, kynningar og námsefni verði undirbúið af fagfólki.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Samningur þessi tekur gildi 1. september 2020 og er framlag Reykjavíkurborgar 9 milljónir til viðbótar fyrri stuðningi á þessu ári. Til rekstrar fyrri parts árs 2020 var framlag borgarinnar 9 milljónir samkvæmt samningi sem rann út um mitt ár, vegna óvissu um framtíðarheimili Bíó Paradísar. Frá og með 2021 til ársloka 2023 verði framlag borgarinnar 18 milljónir á ári í beinum fjárframlögum sem greiðast í 12 greiðslum yfir árið.

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2020:

kr. 5,000,000	1. - 3. september,	kr. 1,000,000	1. - 3. nóvember ,
kr. 2,000,000	1. - 3. október,	kr. 1,000,000	1. – 3. desember

Greiðsla framlags skiptist þannig árin 2021 – 2023

kr. 1.500,000	1. - 3. janúar,	kr. 1.500,000	1. - 3. júlí,
kr. 1.500,000	1. - 3. febrúar,	kr. 1.500,000	1. - 3. ágúst
kr. 1.500,000	1. - 3. mars,	kr. 1.500,000	1. - 3. september
kr. 1.500,000	1. – 3. apríl,	kr. 1.500,000	1. - 3. október,
kr. 1.500.000	1. – 3. maí,	kr. 1.500,000	1. - 3. nóvember,
kr. 1.500.000	1. – 3. júní,	kr. 1.500,000	1. - 3. desember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning : 0331-13-110317.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áráanna 2021 – 2023 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Kynningarmál

Bío Paradís ber ábyrgð á markaðssetningu kvikmyndahússins og að kynna Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað og menningarborg. Á öllu kynningarefni Bío Paradísar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Bío Paradís sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Bío Paradísar með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Bío Paradís skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar kvikmyndahúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

6. gr. Ábyrgð

Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á rekstri Bío Paradísar og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Heimili kvikmyndanna ses. er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Heimili kvikmyndanna ses. um Bío Paradís. Samráðsfundir aðila samnings skulu haldnir í maí ár hvert, þar sem farið er yfir framkvæmd samnings og tillögur Heimilis kvikmyndanna ses. að áherslum Bío Paradísar fyrir komandi starfsár. Heimili kvikmyndanna skilar á samráðsfundi áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum reikningi fyrra árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Heimili kvikmyndanna ses. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Heimili kvikmyndanna ses. hefur sýnt fram á að hún muni standa við

samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar,- íþróttá- og tómstundaráðs dags. 24. ágúst 2020 og gildir frá undirritun til 31. desember 2023.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Samningurinn er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, XXXXXXXXXX

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Heimili kvikmyndanna ses.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 24. ágúst var haldinn 42. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.35. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Pawel Bartoszek, Elín Oddný Sigurðardóttir, Ellen J. Calmon, Jórunn Pála Jónasdóttir, Katrín Atladóttir og Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála, Helga Björnsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra ÍTR, og Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri á menningar- og ferðamálasviði, sem ritaði fundargerð.

1. Lagt fram bréf skrifstofustjóra borgarstjórnar dags. 13. ágúst 2020 um heimildir til fráviká frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - notkun fjarfundabúnaðar. RMF20040001
2. Fram fer kynning á skýrslu um áhrif Covid-19 á tónlistargeirann. RMF20080004

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar- íþróttá- og tónlistarráð þakkar vandaða skýrslu um áhrif Covid-19 á íslenskan tónlistarmarkað. Ljóst er að tónlistarfólk og fyrirtæki tengd tónlistarflutningi hafa orðið hart úti. Mikilvægt er að gripið verði til skilvirkra ráðstafana til að styðja tónlistariðnaðinn.

María Rut Reynisdóttir, verkefnastjóri tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), og Bryndís Jónatansdóttir, verkefnastjóri hjá Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á umbótum á Bíó Paradís. RMF20080005

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíó Paradísar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram bréf formanns menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs dags. 18. ágúst 2020 varðandi samstarfssamning um fjárstuðning Reykjavíkurborgar vegna rekstrar Bíó Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík, ásamt drögum að samningnum. RMF20080005

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar- íþróttá- og tómsundaráð fagnar því að Bíó Paradís starfar áfram í Reykjavík. Þessi samstarfssamningur er liður í að tryggja það auk þess sem viðbótarstuðningur borgarinnar við Bíó Paradís var samþykktur í borgarráði annan júlí síðastliðinn. Miðað er við annan eins stuðning frá ríkinu. Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð áréttar bókun sína frá því fyrir á árinu þar sem kom fram að Bíó Paradís hefur öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík

5. Lagðar fram tilnefningar Rithöfundasambands Íslands, dags. 18. ágúst 2020, og Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, dags. 19. ágúst 2020, í dómnefnd vegna Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur árið 2021. Samþykkt að Geir Finnsson taki sæti í dómnefndinni sem fulltrúi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, sem jafnframt er formaður dómnefndar. RMF200080003

Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, tekur sæti á fundinum undir þessum lið

- Kl. 14.15 víkja Sif Gunnarsdóttir og Inga María Leifsdóttir af fundinum.

- Kl. 14.15 taka sæti á fundinum Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi ÍBR, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri og Helga Björnsdóttir tekur við fundargerðarritun.

5. Lagt fram bréf Íbúaráðs Grafarvogs dags. 25. júní 2020 með fyrirspurn ráðsins um framtíðarskipulag knattspyrnuvalla fyrir Fjölni. Jafnframt lagt fram svarbréf sviðsstjóra ÍTR dags. 7. júní 2020 vegna málsins.
6. Lagt fram bréf Íbúaráðs Vesturbæjar dags. 23. júní 2020 með ósk um umsögn varðandi umsókn í hverfissjóð um styrk til að meta þörf á aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingu innan Vesturbæjar. Umsókninni er hafnað. Bent er á árlegan styrkjaþott borgarinnar.
7. Lagt fram bréf ÍBR dags. 11. júlí 2020 vegna aðildar Hjólabrettafélags Reykjavíkur að ÍBR.
8. Lagt fram bréf Hjólabrettafélags Reykjavíkur ódags. vegna aðstöðumála félagsins og ósk um húsaleigustyrk. Vísað til umsagnar ÍBR og ÍTR.
9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 25. júní þar sem vísað er til meðferðar ÍTR umsókn Hafna- og mjúkboltafélagsins um lóð í Laugardal fyrir innanhússaðstöðu félagsins. Erindinu er hafnað.
10. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 25. júní 2020 þar sem vísað er til meðferðar ÍTR fyrirspurn Rafíþróttasamtaka Íslands um stöðu og stefnu sveitarfélaga varðandi rafíþróttir. Vísað til afgreiðslu ÍBR og ÍTR.
11. Lagt fram bréf Knattspyrnufélagsins Víkings dags. 28. júlí 2020 vegna starfsemi á vegum félagsins í Safamýri. Vísað til sviðsstjóra ÍTR.
12. Lagt fram bréf Glímufélagsins Ármanns dags. 17. ágúst 2020 vegna húsnæðismála lyftingadeilda félagsins. Vísað til afgreiðslu sviðsstjóra ÍTR.

13. Lagt fram bréf Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 5. júní 2020 um eftirlitsskyldu fagráða.
14. Lagt fram yfirlit um fjárhagsramma ÍTR 2021.
15. Lagt fram að nýju bréf skrifstofustjóra rekstrar og þjónustu dags. 16. júní 2020 vegna aðgangseyris í sund og aldursmörk barna.
Vísað til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar.
16. Fram fer umræða um áhrif Covid 19 á starfsemi ÍTR.
17. Rætt um skipan í styrkjahóp ÍTR/MÍT. Samþykkt að Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson og Katrín Atladóttir sitji í hópnunum.

Fundi slitið kl. 16:05.

Hjálmar Sveinsson

Pawel Bartoszek
Elín Oddný Sigurðardóttir
Baldur Borgþórsson

Ellen Calmon
Katrín Atladóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir